

'h Care. Incontinent urostomy,
Nurses.
Ihr, og B. Winther (ritstj.),
nahöfn: Munksgaard.
plejefagligt perspektiv. Kaup-
Cranberries for preventing
w.
l. o.fl. (2003). Urologi. Kaup-
003). Nefrourologi. Kaup-
ingslinjer og procedure-
blóðmigu. Sygeplejersken, 10.
søgelsen, efterår 2012.

13. kafli • Inger Skov Halgård og Birgitte Blicher Pedersen

Hjúkrun einstaklinga með taugasjúkdóma



7 Hefurðu kynnst einstaklingi með taugasjúkdóm?

Hverjar voru þarfir hans?

Þessi kafli fjallar um hjúkrun einstaklinga með taugasjúkdóma, þ.e. sjúkdóma í taugakerfinu. Nú á dögum bjóðast einstaklingum með taugasjúkdóma svo margvísleg meðferðarúrræði að margir þeirra geta lifað góðu og virku lífi þrátt fyrir langvinnan taugasjúkdóm. Margir þeirra þurfa þó einnig umönnun og meðferð, bæði þegar sjúkdómurinn er í bráðafasanum og síðar, og þess vegna eru viðfangsefni þeirra sem starfa við hjúkrun einstaklinga með taugasjúkdóma af ýmsu tagi.

Fyrsti hluti kaflans hefur að geyma tvö dæmi úr raunverulegum aðstæðum um aðhlynningu einstaklinga með taugasjúkdóma. Því næst er brugðið ljósi á þær grunnþarfir sem algengt er að geri vart við sig hjá einstaklingum með taugasjúkdóma og fjallað um úrræði þín í því sambandi.

Við hjúkrun einstaklinga með sjúkdóma í taugakerfi gefst þér tækifæri til að vinna með ófáa flokka grunnþarfa.

→ Sjá meira um taugakerfið í Sjúkdómafræði og lyfjafræði.

Einstaklingar með taugasjúkdóma

Í starfi þínu áttu eftir að komast í kynni við einstaklinga með sjúkdóma í taugakerfi á ýmsum stöðum í heilbrigðiskerfinu. Viðkomandi sjúklingur hefur kannski lagst inn á spítala vegna nýtilkominna sjúkdómseinkenna, t.d. vegna heilablóðfalls (apoplexy), eða vegna þess að langvinnur sjúkdómur sem fyrir var versnaði, t.d. MS-sjúkdómur eða Parkinsonsveiki. Allt eru þetta taugasjúkdómar sem þú gætir einnig átt eftir að sjá hjá skjólstæðingum í heimahjúkrun eða á hjúkrunarheimilum.

Skjólstæðingar með taugasjúkdóma eru mjög misjafnlega í stakk búnir til að sjá um sig sjálfir og því hefur þú mjög ólíkum verkefnum að sinna, allt frá því að leiðsegja og styðja sjúklinginn og til aðgerða í hans þágu.

Taugasjúkdómur einstaklingsins getur valdið röskun á líkamsstarfsemi, t.d. lömun, eða vitsmunalegum truflunum, s.s. örðug-leikum með að muna hluti, rata eða skipuleggja verk.

Oft er geta skjólstæðingsins almennt minni en heilbrigðra og hann þarfnaðst því umönnunar og stuðningsþjónustu í ótakmarkaðan tíma. Hann getur t.d. þurft á ýmiss konar ADL-hjálp að halda, svo sem við að borða og sinna persónulegu hreinlæti.

- Sjá meira um sjálfsögnun og hjúkrunarkerfi í 3. kafli.
- Sjá meira um vitsmunalegar truflanir í Forvarnir og endurhæfing.

Hvort sem þú starfar sem sjúkraliði í heimahjúkrun eða á sjúkhúsum getur það verið í þínum verkahring að tryggja góða samfelli og samstarf þessara tveggja geira. Ef þú vinnur í heimahjúkrun og skjólstæðingurinn á að leggjast inn á sjúkrahús er t.d. brýnt að allar viðkomandi upplýsingar fylgi, t.d. í innlagnarskýrslu. Á sama hátt skiptir máli að með sjúklingnum fylgi skýrsla um ástand við útskrift þegar hann yfirgefur spítalann. Þessar upplýsingar þarf að nota markvisst til að sjúklingurinn fái sem besta aðhlynningu og til að samfella og samhengi sé í meðferðinni.

- Sjá meira um samfelli í meðferð sjúklings í Samhæfing, gæðatrygging og skráning.

aklinga með sjúk-
kerfinu. Viðkomandi
a nýtilkominna
plexy), eða vegna
naði, t.d. MS-sjúk-
júkdómar sem þú
heimahjúkrun eða

og misjafnlega í
ú mjög ólíkum
tyðja sjúklinginn og

ð röskun á líkams-
num, s.s. örðug-
verk.

en heilbrigðra og
istu í ótakmarkaðan
álp að halda, svo

fla.
endurhæfing.

in eða á sjúkra-
ggja góða samfelli
heimahjúkrun og
r t.d. brýnt að allar
slu. Á sama hátt
ástand við útskrift
r þarf að nota
ningu og til að

fling, gæðatrygging

Einkennin sem hrjá fólk með taugasjúkdóm fara eftir því hvaða
hluti taugakerfisins hefur skaddast:



Miðtaugakerfið

- Stóri heilinn: t.d. lömun, minnisleysi og persónuleikaraskanir
- Litli heili: t.d. vandamál með að samstilla hreyfingar
- Heilastofninn: t.d. bráðir öndunarerfiðleikar
- Mænan: t.d. lömun, truflanir á snertiskyni, þvaglátsvandamál.

Úttaugakerfið

- Úttaugakerfið: t.d. truflanir á snertiskyni.

María er 54 ára að alðri. Hún er gift og móðir tveggja barna
sem bæði eru komin yfir tvítugt. Fyrir 20 árum greindist María
með MS-sjúkdóminn. Fyrstu einkennin voru skert sjón á öðru
auganu, sem hurfu síðan aftur að mestu. Það leið næstum heilt
ár þar til sjúkdómurinn lét aftur á sér kræla, í þetta sinn olli
hann svima og jafnvægistruflunum. Fyrstu 12 árin skiptust
því á löng, stöðug og góð tímabil og sjúkdómsköst. Síðustu
árin hefur sjúkdómurinn ágerst hægt og sigandi. María býr nú
við máttleysi og krampasamdrætti í vinstri fótlegg, truflanir á
snertiskyni og stöðugt versnandi jafnvægi, sem gerir að verkum
að hún fer helst ekki út nema í hjólastól. Að auki þjáist María
af ósjálfráðum kippum í hægri handlegg, sem hamla henni við
sumar ADL-athafnir. Hún stríðir einnig við kyngingarörðugleika
sem dregur úr löngun til að borða. Áður vann María sem grunn-
skólakennari en þegar sjúkdómurinn ágerðist neyddist hún til
að hætta að vinna og var metin til örorku. María býr í einbýlis-
húsi og fær heimilishjálp einu sinni á dag, við persónulega
umhirðu á morgnana.



Upp á síðkastið á María erfiðara með að sjá fram úr dag-
legum verkum og skipuleggja þau eða aðra viðburði í fjöl-
skyldunni. Einnig á hún erfitt með að venja sig við skyndilegar
breytingar á áætlunum; hún þarf meiri tíma og ró til að með-
taka það. Óeðlileg þreyyta er einnig áberandi einkenni. María
þarf nauðsynlega að hvíla sig mörgum sinnum á dag.



Sören er 64 ára og býr einn. Hann fékk blóðtappa í vinstra heilahvel og lamaðist á hægri handlegg og fótlegg. Hann á einnig erfitt með mál (málstol) og glímir við kyngingarörðuleika. Auk þess hrjá hann jafnvægisvandamál og erfiðleikar með að halda vatni (þvagleki). Sören á eina dóttur, tengdason og tvö barnabörn, sem hann hefur gott samband við. Áður vann hann hjá fjarskiptafyrirtæki, en er nú á eftirlaunum.

Sören reykir 15-20 sígarettur á dag, er of þungur og vanur að borða tilbúinn mat frá kjötkaupmanni í hverfinu. Hann er með of hátt kólesteról og stundar enga hreyfingu en var vanur mikilli hreyfingu í vinnunni og þótti gaman að fara í langar gönguferðir.

Sjónarhorn sjúklings og aðstandenda

50 ára gamall maður: „... ég hef verið með dálítinn hausverk ... og einhverja smelli í höfðinu ... en ég ... ég hef oft verið vakandi ... ö ... og svo ... þúff, á einu sekündubroti var ég orðinn handa- og fótalaus... öðrum megin ... ö ... ég missti ekki meðvitund ... en mér fannst að ... hrikalegt ... nú dey ég ...“ (Blicher Pedersen, 2005).

Miklu skiptir að umönnun einstaklinga með taugasjúkdóma sé einstaklingsbundin og raunhæf. Þess vegna þarf að sinna umönnunarverkefnum frá sjónarholi sjúklings og aðstandenda, að því marki sem unnt er.

Umönnun einstaklinga með sjúkdóma í taugakerfi, eins og t.d. Maríu og Sorens, getur verið mjög flókin því að taugasjúkdónum geta fylgt mörg og mismunandi vandamál. Hún krefst því mjög sérhæfðrar þekkingar umönnunaraðila og þess að umönnun fari fram í samstarfi við bæði sjúkling og aðstandendur hans.

Hjúkrunin byggist á gagnreymendum aðferðum að svo miklu leyti sem unnt er. Að byggja á gagnreymendum aðferðum þýðir að vinna út frá „því sem við vitum“, þ.e. út frá rannsóknum, frekar en út frá „því sem við höldum“ eða „því sem okkur finnst“. Jafnframt þarf að hafa í huga að *gagnreynar aðferðir* fela einnig í sér að nýta bestu þekkingu sem völ er á þegar teknar eru klínískar ákvárdanir um meðferð einstakra sjúklinga. Að vinna samkvæmt gagnreymendum aðferðum þýðir samstarf milli fagaðila og sjúklings. Fagaðilinn býr yfir þekkingu sem byggir á rannsóknum og hefur jafnframt klínískra reynslu,

Gagnreynar aðferðir: Að byggja vinnu okkar á því sem við vitum út frá rannsóknum, en ekki á því sem okkur finnst.

pa í vinstra
egg. Hann á
gingarörðug-
g erfiðleikar
ur, tengdason
id við. Áður
irlaunum.
bungur og vanur
ínu. Hann er
gu en var vanur
ara í langar

in hausverk ... og
verið vakandi ...
rðinn handa- og
eðitund ... en mér
Pedersen, 2005).

jasjúkdóma sé ein-
sinna umönnunar-
da, að því marki

gakerfi, eins og t.d.
taugasjúkdónum
krefst því mjög
að umönnun fari
dur hans.

n að svo miklu leyti
m þýdir að vinna út
frekar en út frá „því
íframt þarf að hafa í
ð nýta bestu þekk-
urðanir um meðferð
vndum aðferðum
linn býr yfir þekk-
nt klíniska reynslu,

en sjúklingurinn býr yfir þekkingu um sitt eigið líf, sín vandamál og veit hvaða óskir hann hefur gagnvart viðkomandi úrlausnarefni. Það þýðir að við ákvarðanatökum í sambandi við meðferð, aðhlyningu og endurhæfingu taugasjúklinga koma þessir þrír þættir saman, eins og sýnt er á mynd 13.1.



Mynd 13.1
Við hjúkrun taugasjúklinga er mikilvægt að byggja á rannsóknum, faglegri reynslu og upplifun sjúklingsins á aðstæðum.

→ Sjá meira um mannleg tengsl í hjúkrun í 4. kafla.

Dæmi um þessa samvinnu milli sjúklings og þín, sjúkraliðans, gæti verið að fyrirbyggja hættuna á nýju heilablöðfalli hjá Sören. Hjá honum liggja fyrir nokkrir áhættupættir, t.d. yfirþyngd, skortur á hreyfingu og reykingar. Það er oft skynsamlegt að einbeita sér að einum áhættupætti í einu. Ef við lítum á reykingar þá vitum við að þær eru mikill áhættupáttur að því er varðar heilablöðfall. Það væri því mjög gott ef Sören fengist til að hætta að reykja. En hann hefur reyndar engan áhuga á því. Fyrir honum eru reykingar stór páttur í lífsgæðum hans og tilhugsunin um að slappa af með kaffibolla og sigarettu er honum afar kær. Það gefur lífinu gildi! Í þessu samhengi verðurðu að nýta faglega þekkingu þína á aðferðum við forvarnir og heilbrigðiseflingu.

💡 Hvernig ætlaðu að vekja áhuga Sörens á því að hætta að reykja?


Sjúkraliðinn á starfsvettvangi

Sem sjúkraliði muntu bæði vinna sjálfstætt og vera hluti af þverfaglegu samstarfi. Eins og áður hefur verið nefnt eru þarfir sjúklinganna oft flóknar og misjafnar og því skiptir miklu máli að þverfaglegt samstarf sé milli t.d. sjúkraliða, hjúkrunarfræðinga og sjúkra- og iðjuþjálfa.

Hér á eftir verður fjallað um þau úrlausnarefni sem algengt er að sjúkraliðar kynnist hjá einstaklingum með taugasjúksóma.

Vandamálin sem einstaklingar með taugasjúkdóma glíma við fara eftir því hvaða sjúkdómseinkenni frá taugakerfi þeir hafa. Við hjúkrun sjúklinga með taugasjúkdóma eru þarfir og úrlausnarefni því athuguð almennt en ekki út frá einstaka sjúkdómsflokkum.

Þarfir og úrlausnarefni



Mynd 13.2.

Vandamál og úrlausnarefni sem tengjast taugakerfinu.

Hreyfigeta

Hjá einstaklingum með taugasjúkdóma verður vart við minnkaða líkamlega athafnagetu og hreyfigarleysi í mismíklum mæli. Það getur stafað af beinum áhrifum sjúkdómsins á hreyfifærni sjúklingsins en einnig af leyndum fylgikvillum eins og t.d. afbrigðilegri þreytu og **vitsmunatrufunum**, líkt og t.d. sést hjá Maríu í dæminu.

Einstaklingur sem fær taugasjúkdóm á á hættu að fá einhvers konar lömun, þ.e. tapa vöðvaafli í enhverjum mæli, annaðhvort lömun að hluta til eða helftarlömun (paresis) eða algera lömun (paralysis).

- Sjúklingur með helftarlömun hefur mjög minnkaðan vöðvastyrk.
- Hin tegund lömunar (paralysis) felur í sér að sjúklingurinn hefur misst alla getu til að beita vöðvunum.

Lömun getur einkennst af slappleika, sem lýsir sér með minnkaðri vöðvaspennu, eða verið spastísk, sem lýsir sér með aukinni vöðvaspennu, og sjúklingurinn getur þjáðst af vöðvakrömpum (langvarandi ósjálfráðum samdráttum í einum vöðva eða vöðvahópi).

Vitsmunatruflanir:
Vandamál sem varða skynjun og skilning, þ.e. það sem lýtur að hugsuninni.

ma glíma við
þeir hafa. Við
úrlausnarefni
sflokkum.

bvagteppa,
vagleki,
góaleki)

(sýking)

ín (breyta)

arfsemi

minnkaða lík-
æli. Það getur
sjúklingsins en
ri þreytu og
mu.

Þá fá einhvers
aðhvort lömun
n (paralysis).
an vöðva-
ingurinn

minnkaðri
kinni vöðva-
m (lang-
þvahópi).

Bæði spastísk lömun (eða stjarfalömun) og krampar geta verið mjög sársaukafull.

Hjá sjúklingum með parkinsonssjúkdóm er algengt að hreyfingar einkennist af:

- Vöðvastirðleika, þ.e. sjúklegum stirðleika í vöðvum.
- Skjálfta, sem á sér einnig stað í hvíld. Þetta getur t.d. verið skjálfti í hendi. Skjálftinn hverfur á meðan sofið er en versnar þegar sjúklingurinn verður fyrir tilfinningaálagi og þegar hann er í þann veginn að gera eitthvað.
- *Hreyfitregðu*, eða vanhreyfni, þ.e. skertum líkamshreyfingum og varðar bæði gróf- og fínhreyfingar. Hreyfitregða getur lýst sér í *fáhreyfni* og *seinhreyfni*. Fáhreyfni einkennist af einhæfum og fábrotnum (e. spontaneous) hreyfingum, þrátt fyrir eðlilegan prótt. Seinhreyfni eru hægar líkamshreyfingar.

→ Sjá meira um óvirkni og hreyfingarleysi í Forvarnir og endurhæfing.

Það er afar mikilvægt að einstaklingur með parkinsonssjúkdóm fái rétta lyfjameðferð sem dregur úr sjúkdómseinkennum. Það getur verið hárfínt jafnvægisspli að finna rétta skammtinn því að lyfin geta valdið aukaverkunum sem lýsa sér í ofhreyfingum (of miklum og óstýrilátum hreyfingum).

Athuganir

Þegar einstaklingar með taugasjúkdóm eiga í hlut er mikilvægt að þú fylgist með og metir athafnir og athafnagetu sjúklingsins með tilliti til:

- Persónulegs hreinlætis og annarra ADL-athafna. Hvernig ræður sjúklingurinn við þær? Á sjúklingurinn örðugt með hreyfingar, hefur hann t.d. lömunarshert í einum eða fleiri útlimum sem gera ADL-athafnir erfiðar? Er sjúklingurinn með handskjálfta? Er hann snyrtilegur að sjá? Hve langan tíma þarf hann til persónulegrar umhirðu? Hvernig lítur sjúklingurinn út eftir að hafa borðað? Hefur hann sullað niður? Parfnast hann leiðsagnar eða hjálpar til að sinna einhverjum þessara athafna?
- Göngufærni. Hverju tekurðu eftir í sambandi við göngufærni sjúklingsins? Ber hann fæturna gleitt til að halda jafnvægi? Dregur hann annan fótinn vegna máttleysis? Á hann erfitt með að hefja gang vegna fáhreyfni? Er sjúklingurinn tregur til að ganga, t.d. vegna óöryggis? Parfnast hann hjálpartækja?

Hreyfitregða
(hypokinesia):
Minnkuð hreyfigeta
líkamans.

Fáhreyfni
(akinesia): Skert
ósjálfráð hreyfni.

Seinhreyfni
(bradykinesia):
Hægar hreyfingar.

- Tilfærsla. Hverju tekurðu eftir þegar sjúklingurinn fer fram úr rúminu? Og frá rúminu að stól og öfugt? Þarfnað hann leið. Sagnar eða hjálpar?
- Lega eða seta. Hvernig liggar sjúklingurinn í rúminu eða situr í stólnum? Er hann órólegur? Sígur hann niður í rúmið eða stólinn þannig að stellingin verður óþægileg?

→ Sjá meira um ADL í Forvarnir og endurhæfing.

Aðgerðir

Þegar þú styður sjúkling til meiri athafna og hreyfingar krefst það oft hjúkrunar sem tekur mið af margvíslegum þörfum samtímis og byggir á þverfaglegu samstarfi milli sjúkraliða, hjúkrunarfræðinga og sjúkrapjálfara. Aðkoma sjúkrapjálfara getur verið trygging fyrir því að sjúklingurinn fái þá sérhæfðu endurhæfingu sem nauðsyn er á. Það tryggir skjóstæðingnum mesta möguleika á endurbata, þ.e. að hann nái bestu mögulegu hreyfigetu.

Mikilvægt er að þú sem sjúkraliði leggir þitt af mörkum til að sjúklingurinn fari að hreyfa sig eins fljótt og hægt er meðan á innlögn stendur, og að því marki sem unnt er eftir að hann útskrifast. Það eykur möguleika sjúklingsins að endurheimta athafnagetu sína eins og kostur er. Áhugi sjúklings á því að hreyfa sig eflist ef hann og e.t.v. aðstandendur hans taka þátt í ákvörðunum þar að lútandi.

Auk þess þarftu að taka þátt í matinu á því hve virkur sjúklingurinn er, til að ganga úr skugga um hvort þau markmið sem sett voru með sjúklingnum séu raunhæf. Getur sjúklingurinn t.d. komist sjálfur að og frá stól eins og ákveðið var eða er það of tæpt að þínumati? Fer sjúklingurinn eins að og ákveðið var?

Að lokum getur mikilvægur skerfur af þinni hálfu falist í að leiðbeina sjúklingnum við að fylgja þjálfunaráætluninni og tengja hana daglegum athöfnum.

Almennt getur hreyfingarleysi sjúklings og skert athafnageta haft í för með sér að hann þarfnað aðstoðar við ýmsar ADL-athafnir, s.s. persónulega umhirðu, máltriðir, salernisferðir o.s.frv.

- Sjá meira um viðhaldsumhyggju og vaxtarumhyggju í 4. kafla.
- Fjallað er um ABC-kerfið og endurhæfingu einstaklinga með taugasjúkdóm í Forvarnir og endurhæfing.
- Sjá meira um flutning og tilfærslu í Handbók um líkamsbeitingu.
- Sjá meira um verklega og persónulega aðstoð í Hjúkrun, 1. þrep.

Öndun

Hjá einstaklingum með taugasjúkdóm getur verið um að ræða skyndileg eða langvinn vandamál tengd öndun. Skyndileg vandamál geta t.d. komið upp vegna:

- Blæðingar í heilastofni, þar sem heilastofninn hefur m.a. að geyma lífsnauðsynlegar stöðvar fyrir öndun, blóðrás og meðvitund.
- Flogaveikikasts, annaðhvort þannig að sjúklingurinn missir meðvitund og vöðvaspenna eykst, eða þá að flogið lýsir sér í blöndu af aukinni vöðvaspennu og vöðvakippum. Það getur orðið lífshaettulegt ef kastið varir lengur en fimm mín. eða ef sjúklingurinn fær fleiri köst og kemur ekki til meðvitundar á milli þeirra.
- Lungnabólgu hjá einstaklingi með taugasjúkdóm sem þar að auki býr við langvinna skerta öndunargetu.

Einstaklingar með sjúkdóm í taugakerfi geta einnig haft bráða eða langvinna öndunarskerðingu, sem gerir þá útsettari fyrir því að öndunargetan versni enn frekar vegna þess að sjúkdómurinn skerðir taugaboð til öndunarvöðvanna. Það veldur máttleysi og lömun, sérstaklega í rifjavöðvum (intercostal (muscles)) og þind (diaphragm). Minni máttur í öndunarvöðvum hefur í för með sér að loftskiptin í innsta hluta lungnanna verða tregari, þ.e. upptaka súrefnis (O_2) og útskilnaður koltvisýrings (CO_2) minnkar. Þessu fylgir einnig minni hóstakraftur og þá gengur verr að hósta upp slími, eða fæðu ef sjúklingnum svelgist á. Slímið getur orðið gróðrarstíा fyrir gerla í öndunarvegi og lungum og þannig leitt til lungnabólgu eða sýkingar í öndunarvegi, en við það getur ástand sjúklingsins versnað alvarlega úr því að öndun hans er skert hvort sem er.
→ Sjá meira um lungnabólgu í Sjúkdómafræði og lyfjafræði.

Athuganir og aðgerðir

Ef grunur leikur á bráðum og/eða langvinnum vandamálum í tengslum við öndunarfæri er mikilvægt að fylgjast með öndun sjúklingsins og litarfti, og ef til vill hósta og slímuppgangi.

Ef sjúklingurinn á í bráðum eða langvinnum öndunarerfið-leikum þarfum að skrifa lýsingu á því hvernig öndunin víkur frá því sem eðlilegt er og koma henni áfram til hjúkrunarfræðingsins.

→ Sjá meira um athuganir og aðgerðir hjá einstaklingum með lungnasjúkdóma í 9. kafla.

Blóðrás

Það er mjög mikilvægt að fylgjast með blóðþrýstingi og þúlsí sjúklings með tilliti til þess að fyrirbyggja heilablóðfall og eins i kjölfar heilablóðfalls. Hækkaður blóðþrýstingur í langan tíma getur valdið heilablóðfalli vegna æðakölkunar. Óreglulegur þúls getur valdið heilablóðfalli vegna segareka/blóðtappa, þ.e. segar eða blóðtappar frá hjartanu flytjast upp í heilann og stífla slagæðar.

Hjá parkinsonssjúklingum getur réttstöðulágþrýstingur einkum verið vandamál. Réttstöðulágþrýstingur er þegar blóðþrýstingur fellur mikið við að sjúklingurinn réttir sig upp; það getur valdið svima, að sjúklingnum sortnar fyrir augum, og jafnvel yfirlíði.

Athuganir og aðgerðir

→ Sjá meira um aðhlynningu einstaklinga með blóðrásarsjúkdóma í 8. kafla.

Næring

Mikilvægur hluti þinna viðfangsefna er að hjálpa skjólstæðingnum við að uppfylla næringarþörf sína. Kyngingarörðugleikar eru algengt vandamál sem getur hamlað því að sjúklingurinn fullnægi næringarþörf sinni. Hér á eftir verður fjallað um kyngingarörðugleika og vannæringu.



Mynd 13.3

Næring er mikilvægur þáttur í endurhæfingu einstaklinga með taugasjúkdóma.

Kyngingarörðugleikar (dysphagia)

Með kyngingarörðugleikum er átt við að sjúklingurinn á í erfið-leikum með að kyngja og svelgist á mat eða vökva í meira eða minna mæli. Aðalástæða kyngingarörðugleika hjá einstaklingum með taugasjúkdóma er heilaskaðinn sem þeir hafa orðið fyrir vegna sjúkdómsins. Lömun í munni og koki hefur áhrif á kynginguna, og eins getur lömun hreyftauga í andliti valdið því að sjúklingurinn safnar upp mat í munnum sem hann á síðan erfitt með að kyngja.

Sjúklingur með kyngingarörðugleika er í sérstakri hættu á að fá lungnabólgu vegna þess að matur og/eða vökvi ratar ofan í barkann þegar honum mistekst að kyngja. Hættan er sérlega mikil hjá þeim sem eru alvarlega veikir eða með veikar eða bældar ónæmisvarnir.

Athuganir

Ef vísbending er um kyngingarörðugleika er brýnt að þú fylgist með eftirfarandi:

- Á sjúklingurinn erfitt með að halda uppi í sér vökva eða munvatni? Kyngir hann með töfum? Fylgstu með því hvort sjúklingurinn kyngir strax eftir að hann borðar eða drekkur, með því að horfa á eða þreifa eftir því hvort barkakýlið hreyfist.
- Situr sjúklingurinn rétt?

Það getur bent til kyngingarörðugleika ef þú verður vör/var við að sjúklingurinn verður andstuttur, hóstar eða ræskir sig, eða hefur torkennilega rödd eftir að hafa innbyrt vökva/mat.

Aðgerðir

Hjúkrun sjúklinga með kyngingarörðugleika er þverfaglegt verkefni, þar sem hjúkrunarfræðingur, sjúkraþjálfari og sjúkraliði starfa náið saman við að kanna, meðhöndla og meta vandann. Könnun og meðhöndlun kyngingarörðugleika felst í óbeinu kyningaprófi og beinu kyningaprófi ásamt mati á því hve örðugleikarnir eru miklir. Markmiðið er að hægt sé að velja heppilega fæðu handa sjúklingum.

Óbeint kyningapróf

Fylgst er með því hvort:

- sjúklingurinn sé vakandi og meðvitaður um umhverfi sitt
- sjúklingurinn sé fær um að hósta eða ræskja sig
- sjúklingurinn sé fær um að kyngja munvatni sínu
- sjúklingurinn slefi
- rödd sjúklingsins sé breytt (hás, óskýr, þvogluleg, veik).

þykkingarefní:
Sterkjuefni sem notað er til að þykkja þunna vökva.

Beint kyngingarpróf

Beint kyngingarpróf er próf með vatni, með og án *þykkingarefnis*, og fastri fæðu.

Mikilvægt er að hafa í huga að hjá sumum sjúklingum verður „þögul ásvelging“ (e. silent aspiration), þ.e.a.s. þeim svelgist á en þeir bregðast ekki við með því að hósta eða ræskja sig vegna þess að þeir eru ófærir um það. Þeir geta því ekki verndað öndunarvegin með því að hósta upp mat eða vökva.

Ef sjúklingurinn stenst ekki óbeint kyngingarpróf, þ.e. hann

- er ekki vakandi og meðvitaður um umhverfi sitt og því ófær um að gangast undir beint kyngingarpróf í kjölfarið,
- getur ekki hóstast/ræskt sig og verndað þannig öndunarvegin,
- getur ekki kyngt munnvatni sínu eða slefar, sem er merki um lömun í munni og koki,

nær könnun á kyngingarörðugleikum ekki lengra, sjúkrapjálfarinн tekur við og gerir sérhæfða athugun á kyngingu sjúklingsins.

Ef sjúklingurinn stenst óbeint kyngingarpróf fer hann í beint kyngingarpróf í kjölfarið. Á grundvelli niðurstaðna úr því gerir sjúkrapjálfarinн áætlun um kyngingarþálfun og breytingar á þéttleika fæðunnar. Sjúkrapjálfarinн gefur ráðleggingar um æskilegan þéttleika fæðunnar út frá mati á því hvort kyngingarvandinn er minni háttar, í meðallagi eða mikill.

Það kemur í þinn verkahring að aðstoða sjúklinginn við kyngingarþálfun samkvæmt áætluninni og fylgja tilmælum um þéttleika fæðunnar þegar hann fær að borða eða drekka. Á spítala getur sjúkrapjálfari komist að þeirri niðurstöðu að tiltekinn sjúklingur skuli borða undir leiðsögn sjúkrapjálfara sem er sérhæfður í að vinna með sjúklingum með kyngingarörðugleika og þjálfa þá í að kyngja fæðunni.



Mismunandi þéttleiki matar og drykkjar

Matur	Drykkir
<ul style="list-style-type: none">■ eðlilegur þéttleiki■ mjúk fæða■ gratín■ mauk■ sondunæring	<ul style="list-style-type: none">■ eðlilegur þéttleiki■ kakómjólk■ síróp■ hlaup

Vannæring

Ef sjúklingur fær ekki orku og prótein í samræmi við þarfir sínar eða ef hann er ekki fær um að taka inn fæðuna, líður hann næringarskort.

Fleiri ástæður geta verið fyrir hættu á næringarskorti. Skert meðvitund getur valdið því að sjúklingurinn sé ófær um að neyta matar og drykkjar, og eins hafa starfræn vandamál, s.s. lömun í öðrum eða báðum handleggjum, og samhæfingartruflanir hamlandi áhrif á matarinntöku. Sjúklingurinn þarf t.d. að geta fært mat og drykk af borði að munninum til að uppfylla næringarþörfina.

Kyngingarörðugleikar eru einnig áhættupáttur í vannæringu þar sem eðlileg kyning er forsenda þess að fá nóg af mat og drykk. Að lokum getur lystarleysi, ógleði og þunglyndi haft sitt að segja.

Einkenni vannæringar geta verið þyngdartap samfara rýrnun í fituforða og vöðvamassa.

Afleiðingar vannæringar eru aukin hætta á sýkingum, t.d. þvagfærasýkingu, sýkingu í munnholi og lungnabólgu. Minni vöðvamassi getur skert hjarta- og lungnastarfsemi vegna þeirra vöðva sem þar koma við sögu og hætt er við að líkamleg geta skerðist almennt vegna þess að vöðvakerfi líkamans veikist.

Athuganir

Mikilvægt er að fylgjast með meðvitundarstigi sjúklings, þar með hvort hann sé vakandi og nógu skýr til að neyta sjálfur nægilegs vökva og fæðu. Auk þess þarf að athuga starfræn átvandamál: Er sjúklingurinn t.d. lamaður í hendi þannig að hann þurfi aðstoð við að borða? Fylgst er með kyngingarörðugleikum og þeir meðhöndlir eins og fyrr er lýst.

Aðgerðir

Hjá sjúklingum sem þú heldur að stafi hætta af næringarskorti skaltu:

- Athuga áhættupætti næringarskorts með tilliti til viðkomandi sjúklings.
- Reikna út orku-, prótein- og vökvapörf sjúklingsins.
- Skrá fæðu- og vökvainntöku sjúklingsins. Það má gera með því að halda vökva-/fæðuskrá, þ.e. skrá kerfisbundið hve mikið sjúklingurinn hefur innbyrt, og síðan reikna út hve mikið hann hefur raunverulega fengið af orku, próteinum og vökva.
- Velja viðeigandi þéttleika og form fæðunnar, bæta ef til vill upp með viðbótardrykkjum.

Starf þitt getur falist í því að aðstoða sjúklinginn við að borða og drekka ef hann er með skerta meðvitund eða ekki fær um það sjálfur vegna lömunar. Það fer eftir því hve starfræn geta hans er mikilvægt skert hvort þú þarf að hjálpa-honum alveg með athafnirnar eða hvort nægir að leiðbeina. Það er hjúkrunaraðgerð sem felur í sér bæði siðræna og fagurfræðilegja þætti og krefst sérstakrar samvinnu milli þín og skjólstæðingsins (Martinsen og Harder, 2005).

→ Sjá meira um verkefni tengd máltíðum í Hjúkrun, 1. þrep.

→ Sjá meira um næringu í Forvarnir og endurhæfing.

Ef sjúklingurinn á við kyngingarörðugleika að stríða og fær ónógan mat getur verið að hann þurfi nefsondu (sondu sem liggur um nefið í magann), eða, ef örðugleikarnir eru viðvarandi, PEG-sondu (percutaneous endoscopic gastrostomy), sem er lögð beint inn í kviðinn.

→ Sjá meira um næringarsondur á bls. 199.

Útskilnaður

Vandamál tengd þvagi og hægðum eru algeng hjá sjúklingum með taugasjúkdóm. Hér á eftir verður fjallað um þvagfæravandamál, þ.e. þvagteppu, þvagrest og þvagleka, og þar á eftir um vandamál tengd hægðum, þ.e. hægðatregðu og vanstjórн á hægðum.

Þvagteppa

Með þvagteppu er átt við skerta getu til að tæma blöðruna, sem stafar af skertum taugaboðum til hennar. Það er mjög mikilvægt að bera kennsl á þvagteppu, þar sem taugaboðleiðir til blöðrunnar geta beðið viðvarandi skaða af ofþaninni og yfirfullri blöðru.

Athuganir

Ef grunur er um þvagteppu þarfum að athuga eftirfarandi:

- Hefur sjúklingurinn verki og er hann órólegur?
- Er blaðran mjög þanin? Þú finnur það með því að þrýsta á kvið sjúklingsins yfir blöðrunni.
- Er sjúklingurinn fær um að tæma blöðruna?

Ef sjúklingurinn hefur verki og er órólegur getur það stafað af of miklu þvagi í blöðrunni vegna þess að hann getur ekki tæmt hana. Mikilvægt er að hafa í huga að þvagleki getur einnig stafað af þvagteppu. Ef blaðran er yfirfull getur orðið yfirflæði (yfirflæðisblaðra).

Aðgerðir
Hjá sjúklingum
Komast að því
400 ml af þvag
þangað til þvag
→ Sjá meira um a

þvagrest
þvagrest lýsir s
vegna þess að
en 100 ml af þv
eða þvagleifar
þvaglegg.

Ýmis lyf ge
Einstaklingar m
færasýkingar v
örðugt með að
→ Sjá meira um p

Athuganir
Ef eitthvað ben
▪ Tæmir sjú
eftir í blöð
▪ Fær sjúkli
▪ Er sjúkli

Aðgerðir
Ef merki eru ur
ganga úr skugg
Ef sjúkling
geturðu bent h
þvaglát) til að t
dugar.ekki þarf
Þú getur k
sjúklingurinn f
þess þarf að se

að borða og
um það sjálfur
ns er mikið
fnirnar eða
felur í sér
takrar samvinnu
005).

ep.

og fær ónógan
liggur um nefið
-sondu (percut-
inn í kviðinn).

úklingum með
avandamál, þ.e.
vandamál tengd

ðruna, sem
g mikilvægt að
blöðrunnar geta
ru.

undi:

þ prýsta á kvið

stafað af of
ki tæmt hana.
stafað af þvag-
flæðisblaðra).

Aðgerðir

Hjá sjúklingum með þvagteppu verðurðu að óma blöðruna til að komast að því hve mikið þvag er í blöðrunni. Ef í henni eru meira en 400 ml af þvagi verður sjúklingurinn að fá þvaglegg. Þetta er gert pangað til þvaglát komast aftur í lag.

→ Sjá meira um aðhlyningu sjúklinga með þvaglegg á bls. 238.

Þvagrest

Þvagrest lýsir sér í því að blaðran tæmist ekki alveg við þvaglát vegna þess að taugaboðleiðir til blöðrunnar eru skertar. Ef meira en 100 ml af þvagi eru eftir í blöðrunni eftir þvaglát er um þvagrest eða þvagleifar að ræða og blöðruna verður að tæma með einnota þvaglegg.

Ymis lyf geta haft þau áhrif að erfitt reynist að tæma blöðruna. Einstaklingar með taugasjúkdóma geta fengið endurteknar þvagfærasýkingar vegna truflana á þvaglátum, sérstaklega ef þeir eiga örðugt með að tæma blöðruna.

→ Sjá meira um þvagrest á bls. 260.

Athuganir

Ef eitthvað bendir til þvagleifa þarfum að athuga eftirfarandi:

- Tæmir sjúklingurinn blöðruna? Ef ekki, hve mikið þvag er þá eftir í blöðrunni eftir þvaglát?
- Fær sjúklingurinn lyf sem geta haft áhrif á tæmingu blöðrunnar?
- Er sjúklingurinn með þvagfærasýkingu?

Aðgerðir

Ef merki eru um þvagrest hjá sjúklingi skaltu óma blöðruna til að ganga úr skugga um að svo sé og í hvaða mæli.

Ef sjúklingurinn er með meira en 100 ml af þvagi í blöðrunni geturðu bent honum að reyna að endurtaka þvaglát (tvítekin þvaglát) til að tryggja að blaðran tæmist eins vel og unnt er. Ef það dugar ekki þarf að tæma blöðruna með einnota þvaglegg.

Þú getur komist að því hjá hjúkrunarfræðingi eða lækni hvort sjúklingurinn fái lyf sem geta hamlað tæmingu blöðrunnar. Auk þess þarf að senda þvagprufu í ræktun og næmispróf.

I. Einkum við
meðferð með
þríhringslagu
þunglyndislyfum
eða MAO-hemlum
geta komið upp
erfiðleikar sem
tengjast þvaglátum
sem aukaverkun. Sjá
meira um geðlyf i
Geðsjúkdómafræði
og lyfjafræði.

Pvagleki

Með þvagleka er átt við ósjálfráð þvaglát. Oft upplifir sjúklingurinn þetta sem mikið vandamál, bæði félagslega og/eða með tilliti til hreinlætis.

Þvagleki er til í ýmsum myndum:

- Sjúklingur með bráðaþvagleka hefur ósjálfráð þvaglát tengd knýjandi þvaglátapörf.
- Sjúklingur með áreynsluþvagleka hefur ósjálfráð þvaglát við líkamlega áreynslu vegna slappa grindarbotnsvöðva. Þessi einkenni einskorðast ekki við einstaklinga með taugasjúkdóma en geta verið almennt vandamál, sérstaklega hjá öldruðu fólk.
- Sjúklingur með yfirflæðispvagleka á sömuleiðis erfitt með að halda þvagi. Ástæðan getur verið sú að blaðran hefur verið þanin í langan tíma vegna ónógrar tæmingar og því yfirfyllist hún. Það getur stafað af truflunum á taugaboðleiðum til blöðrunnar. Einnig getur yfirflæðispvagleki orðið þegar þvaglátapörf er bæld í langan tíma – þetta er það sem kallað er „selskapsblaðra“.
- þvagleki af völdum lyfja (þvagræsilyfja).

Tíð þvaglát geta verið fylgifiskur allra taugafræðilegra truflana á starfsemi blöðrunnar, en geta líka verið merki um sýkingu. Eðlilegt er að hafa þvaglát allt að sjö sinnum á dag og tvisvar á nótturni.

→ Sjá meira um þvagleka á bls. 254 og í Sjúkdómafræði og lyfjafræði.

Athuganir

Að rannsaka þvaglátvandamál af taugafræðilegum toga er verkefni fyrir sérfræðing, en þú sem sjúkraliði getur lagt þitt af mörkum við að komast að eðli og umfangi vandans.

Ef grunur er um þvagleka þarfum því að athuga eftirfarandi:

- Hefur sjúklingurinn ósjálfráð þvaglát? Ef svo er athugarðu hvort þeim fylgi knýjandi þvaglátapörf, hvort þau séu samfara líkamlegri áreynslu eða hvort um sé að ræða ósjálfráð þvaglát af öðrum ástæðum.

Auk þess skaltu:

- teikna upp þvaglátamynstur sjúklingsins með því að skrá og tímasetja ósjálfráð þvaglát og ef til vill orsökina fyrir þeim
- komast að raun um vökvainntöku sjúklingsins með því að skrá hve mikið og hvenær hann neytir vökva
- bera vökvainntöku sjúklingsins saman við þvaglátamynstur hans.

Aðgerðir

- Hjá sjúklingum með þvagleka er mikilvægt:
- að reyna að venja sig á skipulagða salernistíma
 - meta í samvinnu við sjúklinginn hvort hann sé með rétt hjálpar-gögn við þvagleka, svo sem rétta tegund bleyju, rétta stærð einnota þvagleggs o.s.frv.
 - finna út hvort sjúklingurinn þurfi aðstoð við salernisferðir.

→ Sjá meira um aðhlynningu sjúklinga sem stríða við þvagleka á bls. 254.

Hægðir

Hægðatregða er skilgreind sem ófullnægjandi *hægðalosun* og lýsir sér í því að sjúklingurinn hefur hægðir sjaldnar en þrisvar í viku, að hægðalosun er honum áreynsla eða hvoru tveggja. Ástandið er álið langvinnt þegar það varir að meðaltali lengur en þrjá mánuði á einu ári.

Hægðatregða getur stafað af skertum taugaboðleiðum til meltingarvegs, ofþornun, trefjarýru fæði, hreyfingarleysi og inntöku lyfja sem hafa áhrif á starfsemi þarmanna, t.d. morfíns. Loks getur orsök hægðatregðu að hluta legið í því að skjólstæðingurinn kemst ekki hjálparlaust á salernið.

**Hægðalosun
(defecation):** Að hafa hægðir.

Athuganir

Gætu að eftirfarandi einkennum ef grunur leikur á um hægðatregðu:

- erfið hægðalosun, óeðlilega langur tími milli hægðalosunar og ef til vill reglubundin neysla hægðalyfja
- langur tími fer í að hafa hægðir (> 30 mín.)
- uppsöfnun saurs í endaþarmi (hægðastopp)
- hægðir samsvara tegund 2 og 3 á Bristol-kvarða (sjá bls. 189).

Aðgerðir

Þegar sjúklingur er með hægðatregðu er mikilvægt að:

- benda á fyrirbyggjandi úrræði, s.s. fæðu, vökva og aukna hreyfingu
- fyrirbyggja og meðhöndla með hægðalyfjum.

Vanstjórn á hægðum

Hægðaleki lýsir sér ýmist sem ósjálfráð hægðalosun eða vanhæfni í að stjórna vindgangi, fljótandi eða föstum hægðum. Hægðaleki getur komið upp sem afleiðing þess að taugaboðleiðir til meltingarvegar eru skertar.

Að rannsaka hægðaleka er verkefni fyrir sérfræðing, en þú sem sjúkraliði getur lagt þitt af mörkum við að komast að eðli og umfangi vandans.

Athuganir

Gættu að eftirfarandi einkennum ef grunur leikur á um hægðaleka.

- ósjálfráður og ómeðvitaður vindgangur eða saurlát
- knýjandi þörf, þar sem ekki er unnt að halda aftur af hægðum vætlandi hægðir.

Ef sjúklingurinn er með vætlandi hægðir og ef þær samsvara tegund 5 til 7 á Bristol-kvarða, getur það stafað af framhjáhlaupi. Húðvandamál við endaþarm stafa oft af hægðaleka.

Aðgerðir

Þegar sjúklingur er með hægðaleka er mikilvægt að:

- teikna upp hægðalosunarmynstur sjúklingsins með því að skrá og tímasetja ósjálfráða hægðalosun
- reyna skipulagða salernistíma
- meta í samvinnu við sjúklinginn hvort hann noti rétt hjálparöggn við lekanum, þ.e. blejutegund og viðeigandi hægðalyf
- finna út hvort sjúklingurinn þurfi aðstoð við salernisferðir.

Munnhirða og sýkingar í munnholi

Einstaklingum með taugasjúkdóma getur verið hættara við sýkingu í munnholi og þar með lungnabólgu. Það getur m.a. stafað af slæmri munnhirðu. Ekki er víst að sjúklingurinn sé fær um að bursta tennurnar ef hann býr við skerta meðvitund eða vitsmuna- og hreyfitingd vandamál.

Aðrir áhættuþættir munnholssýkinga eru andlitslömun (facial paralysis), vannæring, öndun gegnum munninn og súrefnismeðferð. Vannæringerarástand sjúklings eykur almennt hættu á sýkingum; öndun gegnum munninn og súrefnismeðferð gera að verkum að slímhimnur þorna upp, sem eykur einnig sýkingarhættu. Munnþurrkur vegna minnkaðrar munvatnsframleiðslu eykur einnig hættu á munnholssýkingum.

Greinileg fylgni er á milli sjúkdómsvaldandi baktería í munnholi og lungnabólgu. Talið er að lungnabólga geti komið upp vegna samspils sýklaberandi slíms úr munni og koki, sem berst niður

æðing, en þú sem
að eðli og um-

i um hægðaleka:
urlát
eftur af hægðum

samsvara tegund
hlaupi. Húð-

með því að skrá

ti rétt hjálpar-
andi hægðalyf
lernisferðir.

ara við sýkingu í
tafað af slæmri
að bursta tenn-
a- og hreyfi-

slömun (facial
úrefnismeðferð.
sýkingum;
verkum að
ettu. Munn-
kur einnig

ería í munn-
nið upp vegna
erst niður

öndunarveginn, og veikra ónæmisvarna eða alvarlegs sjúkdóms. Hjá sjúklingum í sýklalyfjameðferð er aukin hætta á að sjúkdómsvaldandi bakteríur safnist fyrir í skán á tönnum, sem og á sveppasýkingu í munnholi. Það stafar af breytingum sem verða á eðlilegri gerlaflóru. Heilbrigði í munnholi er frumskilyrði þess að fyrirbyggja megi munholssýkingu, að hægt sé að matast með góðu móti, tjá sig við aðra og fyrir velliðan almennt.

Sýking í munnholi er sýking af völdum örvera, s.s. veira, sveppa og/eða baktería.

→ Sjá meira um sýkingar í Sjúkdómafræði og lyfjafræði.

Athuganir

Mikilvægt er að ákvarða hvort sjúklingurinn eigi á hætta að fá munholssýkingu, því að þá má fyrirbyggja sýkingu með því að gera áætlun um munnhirðu sem byggir á aðgerðunum hér á eftir.

Gættu að eftirfarandi einkennum ef grunur leikur á um munnholssýkingu:

- bólga í tannholdi
- skán á tungu
- örveruskán á tönnum (tannsýklar)
- andremma.

Aðgerðir

Þegar munnhirða er annars vegar er mikilvægt að:

- Sjúklingurinn geti burstað tennur vandlega a.m.k. einu sinni á dag. Af tillitssemi við venjur og velliðan sjúklings getur tannburstun farið fram tvisvar á dag. Til viðbótar má nota millitannabursta („flöskubursta“) og tannstöngla. Ef sjúklingur er með gervitennur er einnig mikilvægt, auk þess að bursta þær, að hreinsa munninn undir þeim.
- Varir séu smurðar með kremáburði eftir þörfum; hann má ekki innihalda steinolíu eða olíu. Eftir sem innihalda olíu eða steinolíu (t.d. vaselín eða varastifti) fylgir sprengi- og eldhætta þar sem súrefnismeðferð fer fram.
- Tannhold og slímhimna séu nudduð með bómullarpinnum til að örva blóðrás í munnholi. Gættu þess sérstaklega að halda góðnum hreinum, svo og tungu og kinnunum innanverðum.
- Komið sé í veg fyrir munnpurrk með því að væta munnhol með bómullarpinnum bleyttum í fersku köldu vatni og að jafnvel sé gefið gervimunnvatn. Vertu vakandi fyrir hætta á ásvelgingu.

L Við meðferð með breiðvirkum sýklalyfjum drepast bakteriurnar í eðlilegri örveruflóru meltingarvegarins. Þá gefst ger-sveppnum Candida Albicans færí á að mynda sýkingu í munnholinu og ef til vill i vélinda eða lungum.

Mik
tak
gle
þú
öðr
þre
ig s
get

Vitsmu
Tjáskipt
bundin
munast
heilans
dagsda
að brey
starfser
hvar he
snertir
áður la
námsgo
og noto

Ei
skyndil
legum
mynd a
um me
eiginle
brigðis
andi á

Athuga
Sem sj
munad
A
krefst
aðstar
fræðir
þú, sj
munad

- Framkvæma munnhirðu áður en breytt er um stellingu á með vitundarlausum sjúklingum, því að annars er hætta á að þeir sogni sýklaberandi munnvatn niður í lungun.
- Sjá meira um munnhirðu í Hjúkrun, 1. þrep.

Hvíld og svefn

Margir einstaklingar með taugasjúkdóma glíma við preytu. Sumir þeirra finna mjög afgerandi fyrir því að þeir örmagnast fljótt við ýmsar athafnir. Preytan getur haft þau áhrif að jafnvel minni háttar daglegar athafnir virðast óyfirstíganlegar, t.d. að klæða sig. Daglegum störfum s.s. innkaupum, matargerð, garðvinnu o.fl. getur reynst erfitt að koma í verk. Einnig getur virst óyfirstíganlegt að taka þátt í viðburðum með fjölskyldu eða vinum, og sumt fólk með taugasjúkdóm getur þurft að aðlaga vinnu sína, fara í hlutastarf, vinna óreglulega, fara fyrr á eftirlaun og þvíumlíkt. Preytan getur haft áhrif á alla fjölskylduna og venjubundin hlutverkaskipting innan hennar getur breyst. Preyta er flókið vandamál og stafar fyrst og fremst af líkamlegum, sálrænum og félagslegum þáttum.

Athuganir

Þú þarf að fylgjast með athafnagetu sjúklingsins. Eru merki um að preyta hafi áhrif á sjúklinginn, líkamlega, sálrænt eða félagslega?

Aðgerðir

Þegar sjúklingur er þjakaður af preytu þarf að hafa eftirfarandi í huga:

- Það skiptir miklu fyrir sjúklinginn að fagfólk í hjúkrun geri sér grein fyrir því að preyta er raunverulegt vandamál tengt taugasjúkdónum, að hún sé viðurkennd og tekin alvarlega. Þú getur jafnvel hjálpað sjúklingnum við að finna jafnvægi milli athafna og hvíldar yfir daginn/á kvöldin, til að ná góðum nætursvefni. Þið getið kannski gert tímaáætlun fyrir dagana í vikunni – það hjálpar sumum að skipuleggja líf sitt dags daglega.
- Ómögulegt er að segja hvað líkamleg hreyfing hefur mikla þýðingu við að minnka og vinna bug á preytu, en hún getur skapað vellíðan og fyrirbyggt preytu sem þróast vegna athafnaleysis. Skrefateljari getur verið einföld leið til að auka líkamlega hreyfingu á skilmerkilegan og hófsaman hátt.

stellingu á með
hætta á að þeir

þreytu. Sumir
ast fljótt við
el minni háttar
eða sig. Dag-
u o.fl. getur
íganlegt að
sumt fólk með
í hlutastarf,
reytan getur
askipting innan
far fyrst og
um.

merki um að
félagslega?

rfarandi í
run geri sér
tengt tauga-
ga. Þú getur
nilli athafna
ætursvefni.
unni – það

r mikla
ín getur
ina athafna-
a líkamlega

- Mikilvægt er að benda sjúklingnum á að það sé allt í lagi að taka hlé eftir þörfum og umfram allt gera það sem maður hefur gleði af og veitir afslöppun.
- Þú getur einnig hjálpað sjúklingnum með því að útskýra fyrir öðrum (fjölskyldu, vinum o.s.frv.) hvernig það er að vera svona þreyttur og hvernig það takmarkar daglega athafnasem. Þannig skilja aðstandendur kannski betur hvers vegna sjúklingurinn getur ekki tekið fullan þátt í félagslifi.

Vitsmunalíf og tjáskipti

Tjáskipti við einstaklinga með taugasjúkdóma geta verið erfiðleikum bundin vegna vandamála sem tengjast vitsmunastarfsemi þeirra. Vitsmunastarfsemi og mannlegt mál er eitt það mikilvægasta í starfsemi heilans og skiptir sköpum um atferli og athafnir manneskjunnar dagsdaglega, t.d. við vinnu. Taugasjúkdómur getur gert að verkum að breytingar verða í heilanum með þeim afleiðingum að vitsmunastarfsemin hlýtur skaða af, sem getur lýst sér á ýmsan hátt eftir því hvar heilaskemmdin er. Hjá einstaklingum með sjúkdóma í taugakerfi snertir þetta oft eftirfarandi svið: Áttun, skilning og að þekkja aftur ádur lærð fyrirbæri, enn fremur einbeitingu, athyglisgáfu, minni, námsgetu, áætlanagerð, lausn vandamála, hraða hugsunar, skynjun og notkun á tungumálinu. Allur persónuleikinn getur breyst.

Einkennin geta komið fram vegna taugasjúkdóms sem kemur skyndilega upp eða þróast hægt yfir langan tíma. Mat á vitsmunalegum sjúkdómseinkennum sjúklings verður að byggja á heildrænni mynd af því hverju megi búast við af honum, út frá því sem vitað er um menntun hans, starf, félagslegan bakgrunn sem og persónulega eiginleika. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að annars konar heilbrigðisástand getur lýst sér á svipaðan hátt, t.d. þunglyndi, versandi ástand sjúkdóms og afbrigðileg þreyta.

Athuganir

Sem sjúkraliði hefur þú mikilvægu hlutverki að gegna í að meta vitsmunagetu sjúklingsins.

Að fylgjast með og lýsa vitsmunagetu sjúklings á markvissan hátt krefst tíma, þolinmæði og fagþekkingar ásamt náinnar samvinnu við aðstandendur og ef til vill þverfaglega samstarfsaðila, t.d. hjúkrunarfræðing og sjúkrapjálfara. Í samvinnu þinni við skjólstæðinginn hefur þú, sjúkraliðinn, ríkuleg tækifæri til að gefa gaum að og meta vitsmunagetu hans. Hér verða taldir upp þættir sem þú getur fylgst með:

Sem
bregðast
sjúklings
sjúklingi
fylgja eft
sem sett
→ Sjá mei
→ Sjá mei
Forvarn
→ Sjá mei

Me

Gaumstol (neglect) merkir að sjúklingurinn skynjar ekki þann helming líkama síns sem lamaður er eða gefur varla gaum öðrum helmingi rýmisins í kringum sig.

Sjúkdómsafneitun (anosognosia) merkir að viðkomandi hefur óraunsæjar hugmyndir um eigið (sjúkdóms-)ástand og heldur að hann geti meira en raunin er. Kemur oft fram samfara gaumstoli.

Verkstol (apraxia) lýsir sér í því að viðkomandi er ófær um verk sem hann gerði ádur án umhugsunar. Þrátt fyrir óskertan vöðvastyrk og skynjunarhæfni og samhæfingu á sjúklingurinn erfitt með hversdagslega hluti, s.s. að klæða sig og leggja á borð á skipulegan hátt – eða koma því í verk yfirleitt.

Málstol (aphasia) merkir erfiðleika við að nota og skilja mál vegna breytinga í málstöðvum heilans, sem eru aðallega í vinstra heilahveli.

Framsagnartregða (dysartria) er hreyfivandamál og stafar ekki af skertum málskilningi.

- **Meðvitundarstig.** Hve vakandi er sjúklingurinn? Er hann nægilega vakandi til þess að hægt sé að dæma um vitsmunagetuna?
- **Áttun og skilningur.** Á sjúklingurinn í erfiðleikum með að átta sig á tímanum, stað, eigin upplýsingum og sjúkdómi? Er hann með *gaumstol*?
- Má merkja á honum *sjúkdómsafneitun*?
- **Einbeiting og athygli.** Missir sjúklingurinn auðveldlega einbeitinguna? Á sjúklingurinn erfitt með að halda sér við efnið, t.d. við persónulega umhirðu? Virðist sjúklingurinn stundum vera úti á þekju?
- **Minni og námshæfni.** Gleymir sjúklingurinn athöfnum eða því sem ákveðið hefur verið? Gleymir hann t.d. hvar hluti er að finna? Á hann t.d. erfitt með að fylgja endurhæfingaráætlun þar sem hann gleymir inntaki hennar? Er sjúklingurinn með *verkstol*?
- **Skipulagning og lausn vandamála.** Er sjúklingurinn fær um að skipuleggja, framkvæma og meta verkefni sín? Að hafa yfirsýn? Einnig yfir margt samtímis? Er hann fær um að aðlaga og breyta athöfnum? Ræður hann við breytingar?
- **Persónuleiki.** Verður þess vart að sjúklinginn skorti tilfinningu fyrir aðstæðum? Að hann skorti samhygð og hæfileika til að finna til með öðrum? Sýnir sjúklingurinn oft hvatvisleg við-brögð, eins og hann skorti sjálfstjórn?
- **Hraði hugsunar.** Hvernig virðist sjúklingurinn í samskiptum? Þarf hann sérstakan tíma og ró, t.d. til að svara spurningu? Sýnir sjúklingurinn frumkvæði?
- **Skynjun.** Truflanir á þessu sviði gera að verkum að sjúklingurinn er ófær um að umbreyta upplýsingum frá skynfærum, þ.e. um snertingu, hreyfingu, sjón, heyrn, lykt eða bragð þannig að hægt sé að ljá þeim merkingu og nýta. Þess í stað geta upplýsingar frá skynfærum verið uppsprettu angistar þegar sjúklingurinn getur ekki túlkað þær.
- **Notkun tungumáls.** Er sjúklingurinn með *málstol* eða *framsagnartregðu*?

Aðgerðir

Vitsmunalegar breytingar eru eitt af því erfiðasta sem sjúklingurinn og aðstandendur geta þurft að glíma við, enda geta þær hamlað tjáskiptunum sem skipta einmitt svo miklu máli þegar tekist er á við breyttar lífsaðstæður. Vitsmunaleg vandamál geta gert aðstandendum og heilbrigðisstarfsfólki illkleift að hafa sjúklinginn með í ákvarðanatöku og skipulagningu aðgerða.

Sem sjúkraliði hefur þú mikilvægu hlutverki að gegna við að bregðast við og koma upplýsingum áfram um breytingar í hegðun sjúklingsins sem geta bent til breytinga á vitsmunastarfsemi. Hjá sjúklingi með vitsmunatrufanir felst verkefni þitt í að taka þátt í og fylgja eftir þeim áætlunum og markmiðum í endurhæfingu sjúklings sem sett eru í þverfaglegu samstarfi.

- Sjá meira um endurhæfingu vegna málstols í Forvarnir og endurhæfing.
- Sjá meira um endurhæfingu sjúklinga með skerta vitsmunastarfsemi í Forvarnir og endurhæfing.
- Sjá meira um lífssögu og endurmíningarár í Forvarnir og endurhæfing.

Meginatriði kaflans

- Þú getur kynnt einstaklingum með taugasjúkdóm hvort sem er við skyndilega innlögn á spítala eða umönnun heima hjá þeim.
- Aðhlynningarþörf einstaklinga með taugasjúkdóm getur verið mjög mismunandi frá einum þeirra til annars.
- Einkenni taugasjúkdóms fara eftir því hvar í taugakerfinu sjúkdómurinn er.
- Margir sjúklinganna eiga við hreyfivanda að etja, t.d. lömun, skjálfta eða hreyfitregðu, og þeir geta því þurft á aðstoð að halda við ADL.
- Taugasjúkdómi geta fylgt skyndilegir eða langvinnir öndunarerfiðleikar.
- Mikilvægt er að sjúklingurinn fái öll nauðsynleg næringar-efni en það getur verið erfitt við að eiga ef hann á í vandræðum með að kyngja. Þá er honum hætt við vannæringu.
- Ef sjúklingur á við kyngingarörðugleika að striða þarf að breyta þéttleika fæðunnar í samræmi við vandann. Hann getur þurft mjúka fæðu eða vökva með þykkingarefnin.
- Sjúklingurinn getur einnig átt í erfiðleikum með þvaglát og hægðalosun. Þvaglátsvandamálin geta falist í þvagteppu, þvagrest eða þvagleka. Hægðavandamál eru fyrst og fremst hægðatregða eða vanstjórn á hægðum (hægðaleki).
- Vegna hreyfi eða vitsmunatrufana getur sjúklingurinn verið ófær um að sinna munnhirðu svo að vel sé, en því fylgir minni velliðan og aukin hætta á lungnabólgu.
- Margir taugasjúklingar eru þjakaðir af þreytu og verða fljótt örmagna. Að lokum búa margir þeirra við skerta vitsmunastarfsemi, sem getur verið meira eða minna sýnileg.

- Algengar vitsmunatrufanir eru
 - Túlkunarstol (agnosia, erfiðleikar með að tengja saman skynjanir)
 - Málstol (aphasia, vandi með mál)
 - Gaumstol (neglect)
 - Athyglistrufanir
 - Minnisleysi (amnesia)
 - Verkstol (apraxia, erfiðleikar með verkframkvæmd)
 - Sjúkdómsafneitun (anosognosia).

Ef þú vilt vita meira

Hjerneskaderådgivningen. (2012). *Håndbog i neuropædagogik*. Odense Kommune og 8 øvrige fynske kommuner.

Heimildir

- Andersen, G., Damgaard, D., Forchhammer, H.B. og Iversen, H. (ritstj.). (2012). *Apopleksi – sygdom, behandling og organisation*. Kaupmannahöfn: Munksgaard.
- Blicher Pedersen, B. (2005). *Apopleksi og livsstilsændring – at have en livsstil eller at føre et liv?* Kandidatspeciale, Syddansk Universitet.
- Christensen, D. og Zielke, S. (2000). Evidensbaserede kliniske retningslinjer. *Sygeplejersken*, 17, 50-57.
- Fødevarestyrelsen. (2009). *Anbefalinger for Den Danske Institutionskost*. (4. útg.) Kaupmannahöfn.
- Harder, I. (2000). I Virginia Hendersons fodspor. Sygepleje ud fra grundlæggende behov. *Sygeplejersken*, 44, 2.
- Kjærsgaard, A., Færgemann, K. og Møller Pedersen, B. (2004). *Mad og drikke med modificeret konsistens*, (2. útg.). Hammel Neurocenter.
- Klaringsrapport. (2001, nr. 11). *Vandladningsforstyrrelser ved neurologisk sygdom*. Vejledning til neurologer.
- Martinsen, B. og Harder, I. (2008). At få hjælp til at spise – en undersøelse af rygmarvsskadedes oplevelser. *Sygeplejersken*, 24, 46.
- Scleroseforeningen. *Kognitive funktioner og multipel sclerose*.
- Soelberg Sørensen, P., Paulson, O.B. og Gjerris, F. (ritstj.). (2010). *Nervesystemets sygdomme – Neurologi for fysioterapeuter, ergoterapeuter og neurologisk personale*, (3. útg.). Kaupmannahöfn: Gads Forlag.
- Trapl, M., Enderle, P., Nowotny, M. o.fl. (2007). Dysphagia Bedside Screening for Acute-Stroke Patients. *Stroke*, 38, 2948-2952.